

## Skólaráðsfundur 10. janúar 2024

Fundinn sátu: Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Sigríður Margrét Ingimarsdóttir, Sighvatur Pálmason fulltrúi 10. bekkjar, Emma Katrín Helgadóttir fulltrúi 10. bekkjar,, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólahúsnæðið.

Unnið er að bættum aðbúnaði A-álmu. Búið er að panta ný húsgögn í álmuna og unnið er að því að fá iðnaðarmenn til að skipta um glugga.

Rætt um að skólaráð sendi ályktun um framtíðaruppbyggingu skólahúsnæðisins, því enn vantar töluvert upp á að húsnæðið sé fullbúið. Það vantar samkomusal, náttúrufræðistofu, betri aðstöðu fyrir verkgreinar og aðstöðu til tónlistarkennslu.

Bent var á að til er hugmynd að viðbyggingu sunnan Íþróttahúss sem gæti rúmað hluta af því sem á vantar.

Unnið er að því þessa dagana að setja upp öryggismyndavélar utan á skólahúsið, sem beinast að bílastæði og skólalóð.

Verkefnið „See the good.“

Skólastjóri kynnti finnskt verkefni sem algengt er í flestum skólum í Finnlandi. Verkefnið snýr að því að vinna markvisst með styrkleika nemenda. Fyrirhugað er að taka þetta verkefni upp í Árskóla, en skólinn fékk styrkúthlutun frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í þetta verkefni. Fimmtudaginn 18. janúar verða hér Finnar í heimsókn með námskeið fyrir starfsmenn eftir hádegi og er boðið upp á þátttöku foreldrafulltrúa. Kennsla fellur niður eftir hádegi þann dag vegna námskeiðsins.

Viðburðadagar framundan.

Bóndadagur er föstudaginn 26. janúar, óvenju seint að þessu sinni. Dagskrá verður með hefðbundnum hætti.

Íþróttadagur skólans verður þriðjudaginn 13. febrúar (á sprengidag). Dagskrá verður til kl. 12:30. Að venju verður dans hluti af dagskránni og munu 10. bekkingar stjórna dansi.

Sameiginlegur fundur með skólaráði, stjórn foreldrafélagsins og stjórn nemendafélagsins.

Rætt um hugsanleg málefni til að ræða á slíkum fundi. Óskað var eftir hugmyndum frá stjórn nemendafélagsins. Ákveðið að hafa fundinn mánudaginn 5. febrúar kl. 15:30-17:00. Boðið verður upp á veitingar.

Foreldrakönnun á viðtalsdegi.

Eins og í fyrra verður foreldrakönnun í 2., 4., 7., og 10. bekk á viðtalsdegi, 1. febrúar.

Skólaráði var boðið upp á að koma með tillögu að spurningu/spurningum í könnunina.

Hugmynd kom fram um að setja inn spurningu frá foreldrafélagi varðandi öskudag og hugsanlegar breytingar á framkvæmd.

Dæmi: Telur þú þörf á að breyta fyrirkomulagi öskudags? Ef svo er, á hvaða hátt (opin spurning)?

Önnur mál.

Hugmynd kom fram frá nemendafulltrúum um að þegar verið er að velja lið skólans í skólahreysti sé 8. bekk boðið að koma og fylgjast með. Til þessa hafa aðeins 9. og 10. bekkingar fylgst með. Leist fundarmönnum vel á hugmyndina og töldu hana hvetjandi fyrir varðandi þátttakendur.

Góð umræða skapaðist um læsi og lestrarvenjur barna og unglunga í skólanum.

Næsti fundur skólaráðs er fyrirhugaður miðvikudaginn 7. febrúar.